

ALÞINGI

Alþingi og lýðræðið

Saga Alþingis

Kosningar til Alþingis

Hlutverk Alþingis

Skrifstofa Alþingis

Alþingishúsið

Stofnanir Alþingis

ALP INGI

EFNISYFIRLIT

ALÞINGI OG LÝÐRÆÐIÐ	4
Stjórn málasamtök	5
SAGA ALÞINGIS	6
Lögrétta	6
Á tíma konungsvaldsins til 1800	7
Tímabilið 1800–1845	7
Alþingi – ráðgjafarþing 1845–1874	7
Alþingi – löggjafarþing frá 1874	8
Heimastjórn	8
Ísland fullvalda ríki	9
Lýðveldi stofnað	9
KOSNINGAR TIL ALÞINGIS	10
Kjördæmaskipan	11
HLUTVERK ALÞINGIS	12
STARFSHÆTTIR ALÞINGIS	13
Þingsetning og þingfrestun	13
Þingsalurinn	13
Forseti Alþingis	14
Þingfundir	15
Umræður	15
Atkvæðagreiðslur	16
Þingflokkar	16
Ferill lagafrumvarps	17
Fastanefndir Alþingis	18
Starfshættir nefnda	19
Kosning í nefndir	19
Alþjóðastarf Alþingis	20
SKRIFSTOFA ALÞINGIS	21
ALÞINGISHÚSIÐ	22
Vígsla hússins	22
Húsaskipan	23
Alþingisgarðurinn	23
STOFNANIR ALÞINGIS	24
Ríkisendurskoðun	24
Umboðsmaður Alþingis	24

ALÞINGI OG LÝÐRÆÐIÐ



Alþingishúsið stendur við Austurvöll. Það var reist á árunum 1880–1881.

Í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er á því byggt að uppspretta valds sé hjá fólkinu sem felur kjörnum fulltrúum meðferð þess valds. Kjósendur velja fjórða hvert ár í almennum leynilegum kosningum 63 þingmenn til setu á Alþingi. Þeir fara sameiginlega með vald til að setja þegnum landsins lög auk þess sem þeir fara með fjárstjórnarvald, þ.e. vald til að ákveða útgjöld ríkisins og þá skatta sem lagðir eru á landsmenn. Mikilvægt er að fólk viti hvaða ákvarðanir eru teknar á Alþingi og hvernig þær eru teknar því að kjósendur og fulltrúar þeirra bera ábyrgð á að varðveita virkt lýðræði. Segja má að kosningarrétturinn sé undirstaða lýðræðis á Íslandi og að Alþingi sé hornsteinn þess lýðræðis.

Önnur einkenni lýðræðisskipulagsins eru m.a. þau að ríkisstjórn landsins ber ábyrgð á gerðum sínum gagnvart Alþingi og lýtur í störfum sínum eftirliti af hálfu þess. Ísland er líka réttarríki, dómstólarnir eru sjálfstæðir og eiga einungis að dæma eftir lögnum en eru ekki bundnir við nein fyrirmæli af hálfu framkvæmdarvaldsins.

Handhöfum framkvæmdarvaldsins ber í hvívetna að fara að lögum og þeir eru bundnir af þeim. Ákvæði stjórnarskrár um skoðanafrelsi, tjáningarfrelsi, félagafrelsi og fundafrelsi eru einnig skýr einkenni lýðræðisskipulagsins. Í reynd eru þessir þættir nauðsynleg forsenda lýðræðis svo að þegnum landsins sé tryggður réttur til þátttöku í málefnum þjóðfélagsins.

Ákvarðanir sem teknar eru á Alþingi hafa áhrif á daglegt líf allra Íslendinga. Markmiðið með útgáfu kynningarbæklinga um Alþingi er að greina frá skipulagi og störfum þingsins ásamt sögu þess. Bæklingurinn ætti að nýtast öllum þeim sem hafa áhuga á að fræðast um Alþingi og jafnvel til kennslu í framhaldsskólum.



Saga og náttúra Íslands eru óvída jafnsamtvinnaðar og á Þingvöllum. Þar gefst einstök yfirsýn yfir jarðfræðisögu og lifandi náttúra Þingvallasveitar á sér vart blidstæðu. Á Þingvöllum var allsberjarríki á Íslandi komið á fót með stofnun Alþingis 930 og þar kom þingið saman allt til ársins 1798.



Umræður forustumanna flokkanna kvöldið fyrir kjördag í maí 2003 fóru fram í Alþingishúsinu og var sjónvarpað beint þaðan.

STJÓRN MÁLASAMTÖK

Stjórn málaflokkar á Íslandi eru tengiliðir milli Alþingis og kjósenda. Stjórn málasamtök verða til þegar hópur manna ákveður að bindast samtökum um að hafa í sameiningu áhrif á þjóðfélagið með því að fá fulltrúa kjörna á þing og taka þátt í starfi ríkisstjórnar. Í stefnuskrám flokkanna er greint frá því hvaða mál flokkarnir leggja áherslu á og þar má sjá muninn á hugmyndafræði þeirra.

Þátttaka í starfi stjórn málahreyfinga er ein helsta leið almennings til að hafa áhrif á gang mála. Í lýðræði felst einmitt að almenningur ber ábyrgð á þróun samfélagsins og á kost á að koma hugmyndum sínum og skoðunum á framfæri.

Fjölmiðlar hafa það hlutverk að koma upplýsingum um þjóðfélagsmál á framfæri við almenn- ing, þar á meðal um flokkana og stjórn málamenn.

Réttur Íslendinga til að láta í ljós skoðanir sínar, stofna félög og safnast saman til fundarhalda er skráður í stjórnarskrána. Stjórnarskráin er æðri öðrum lögum og verndar lýðræðisskipulagið.

Eftir kosningar í maí 2003 tóku fulltrúar fimm stjórn málasamtaka sæti á Alþingi og sést skipting þingsæta milli þeirra í töflu hér að neðan.

		Þingmenn	Konur	Karlar
	Framsóknarflokkurinn	12	4	8
	Frjálslyndi flokkurinn	4		4
	Samfylkingin	20	9	11
	Sjálfstæðisflokkurinn	22	4	18
	Vinstri hreyfingin - grænt framboð	5	2	3
	Samtals	63	19	44

SAGA ALÞINGIS

Alþingi Íslendinga er í senn elsta stofnun þjóðarinnar og sú æðsta. Það er talið stofnað á Þingvöllum árið 930, og markar sá atburður upphaf þjóðríkis á Íslandi.

Í upphafi var Alþingi allsherjarþing þar sem æðstu höfðingjar komu saman til löggjafarstarfa og til að kveða upp dóma. Auk þess var öllum frjálsum mönnum og ósekum heimilt að koma á þingið, og þangað sóttu auk goða bændur, málsaðilar, kaupmenn, iðnaðarmenn, sagnaþulir og ferðalangar. Oft hefur því verið fjölmennt á Alþingi.

Þeir sem sóttu Alþingi dvöldust í búðum á Þingvöllum um þingtímann. Innan þinghelgi skyldu allir njóta gríða og frelsis til að hlýða á það sem fram fór.

Miðstöð þinghaldsins var Lögberg. Þar átti lögsögumaðurinn fast sæti, en hann var æðsti maður þingsins. Hlutverk hans var meðal annars að fara upphátt með gildandi lög Íslendinga, þriðjung þeirra ár hvert. Löginn um þinghaldið, þingsköpin, fór hann með fyrir þingheim árlega.

Lögrétta

Á Lögbergi voru fluttar ræður í mikilvægum málum. Þar fór þingsetning fram og þinglausnir og þaðan fóru Lögrétta og dómur til starfa. Lögrétta var æðsta stofnun Alþingis hins forna, skipuð 39 goðum auk níu uppbótargoða sem sátu á hringlaga miðpalli Lögréttu undir berum himni ásamt lögsögumanni. Þar áttu biskupar landsins einnig sæti eftir að biskupsstólar voru settir á stofn.

Lögrétta var löggjafarstofnun Alþingis. Hún skar úr lagaþrættum, setti ný lög og veitti undanþágur frá lögum. Miðpallsmenn einir höfðu atkvæðisrétt og réð meiri hlutinn úrslitum mála.

Alþingi hið forna hafði einnig dómsvald og var ýmist fyrsta, annað eða þriðja dómstig. Eftir skiptingu landsins í fjórðunga um 965 voru settir fjórir fjórðungsdómar á Alþingi, einn fyrir hvern fjórðung, skipaðir 36 dómendum hver. Síðan var stofnaður fimmtardómur á Alþingi í upphafi 11. aldar. Fyrir honum mátti taka upp mál sem útþjálfað voru fyrir fjórðungsdómum. Hann var skipaður 48 dómendum, tilnefndum af goðum í Lögréttu.

Samkomudagur Alþingis hins forna var á 10. öld um miðjan júní. Eftir það kom þingið saman viku síðar, 18.–24. júní, og mun hafa setið að störfum um tveggja vikna skeið til ársins 1271, en eftir það í skemmri tíma. Þingslit fóru fram á þinglausnadegi og þau nefndust einnig vopnatak, en vopnaburður var bannaður á Alþingi 1154.



Breski málarinn W.G. Collingwood málaði upp úr 1870 Alþingi hið forna samkvæmt hugmyndum sínum og bugsaði sér mikinn mannfjölda og skrautbúinn við þinghald í Almannagjá. Elsta heimildin um þinghald á Þingvöllum er Íslendingabók sem rituð var á 12. öld.

Á tíma konungsvaldsins til 1800

Þegar Íslendingar samþykktu Gamla sáttmála á árunum 1262–1264 og gengu Noregskonungi á hönd varð breyting á störfum Alþingis. Komst hún í framkvæmd með lögtöku nýrra lögbóka, fyrst Járnsíðu árið 1271 og síðan Jónsbókar árið 1281. Þær voru samdar að tilhlutan konungs og samþykktar á Alþingi. Þar með var stjórnskipun þjóðveldisins afnumin og goðorðaskipunin hvarf úr sögunni. Framkvæmdarvald komst í hendur konungs og umboðsmanna hans, hirðstjóra og sýslumanna. Alþingi hélt áfram störfum á Þingvöllum í breyttri mynd. Aðalstofnun þess var sem fyrr Lögrétta með 36 lögréttumönnum og hafði hún löggjafarvald ásamt konungi, þ.e. lög, sem Lögrétta setti, urðu að hljóta samþykki konungs, en hefði konungur frumkvæði varð Alþingi að veita samþykki sitt. Í stað lögsögumanns komu tveir lögmenn.

Með þessum breytingum hlaut Lögrétta einnig dómsvald en fyrri dómstólar lögðust niður. Smám saman varð uppkvaðning dóma meginþáttur í störfum Alþingis. Dómum Lögréttu mátti eftir 1593 skjóta til yfirdóms á Alþingi eða til konungsúrskurðar.

Undir lok 14. aldar leiddu ríkiserfðir til þess að konungsvaldið yfir Noregi og Íslandi færðist til Danmerkur. Með einveldistöku konungs í Danmörku og síðan á Íslandi á Kópavogsfundinum árið 1662 afsöluðu Íslendingar sér síðustu leifum sjálfstjórnar sinnar í hendur konungi, þar á meðal lagasetningu. Þó var löggjafarstarfi ekki endanlega lokið á Alþingi fyrr en í lok 17. aldar. Eftir það varð Alþingi nær einvörðungu dómstóll til ársins 1800.

Frá árinu 1271 kom Alþingi saman 29. júní og stóð þingið í þrjá til fjóra daga, stundum þó lengur, allt upp í tvær vikur frá miðri 17. öld. Frá árinu 1701 skyldi það hefjast 8. júlí og standa hálfan mánuð en gat jafnvel komist upp í þrjár vikur.

Þinghaldi á Þingvöllum við Öxará lauk 1798. Næstu tvö sumur, 1799 og 1800, kom Lögrétta saman í Hólavallarskóla í Reykjavík.

Með tilskipun konungs 6. júní 1800 hætti Alþingi störfum.

Tímabilið 1800–1845

Við störfum Alþingis tók landsyfirréttur sem stofnaður var með tilskipun konungs árið 1800. Kom hann í stað Lögréttu (lögbings og yfirdóms), hafði aðsetur í Reykjavík og var settur í fyrsta sinn í Hólavallarskóla 10. ágúst 1801 með þremur dómurum. Landsyfirréttur skyldi koma reglulega saman og gegna því hlutverki að vera æðsti dómstóll innan lands. Rétturinn starfaði til ársins 1920 er Hæstiréttur Íslands var stofnaður og tók við hlutverki hans og varð jafnframt æðsti dómstóll landsins.



Málverk af þjóðfundinum 1851 eftir Brynjólf Þórðarson. Fundurinn var haldinn í sal Lærða skólans (Menntaskólans í Reykjavík) en þar kom Alþingi saman annað hvert ár frá 1845 til 1879.

Alþingi – ráðgjafarþing 1845–1874

Tilskipun konungs um endurreisn Alþingis var gefin út 8. mars 1843 og fóru fyrstu kosningar fram 1844, en þingið kom fyrst saman 1. júlí 1845. Alþingi var skipað 26 alþingismönnum, 20 þjóðkjörnum þingmönnum, einum kjörnum úr hverju kjördæmi (sýslu), en konungur skipaði auk þess sex þingmenn og nefndust þeir konungkjörnir þingmenn. Um kosningarrétt og kjörgengi giltu ákvæði um lágmarkseign að danskri fyrirmynd. Kosningarrétt höfðu karlmenn 25 ára og eldri sem uppfylltu slík skilyrði. Munu tæp 5% landsmanna hafa notið kosningarréttar í upphafi. Alþingi skyldi koma saman til fundar í Lærða skólanum í Reykjavík (nú Menntaskólanum í Reykjavík) 1. júlí annað hvert ár og var þingið í einni málstofu. Sat það að jafnaði fjórar vikur eða lengur ef nauðsyn þótti.

Alþingi var á þessu tímabili einungis konungi til ráðgjafar en hafði ekki löggjafarvald. Það ræddi stjórnarfrumvörp og einstakir þingmenn báru fram mál til umræðu. Um stjórnarfrumvörp

voru tvær umræður, undirbúningsumræða og ályktunarumræða. Tillögur, sem samþykktar voru, nefndust bænarskrár. Á tímabilinu 1845–1874 voru haldin 14 regluleg þing, en aukaping voru ekki haldin. Þingrof var einu sinni, árið 1869.

Í stað reglulegs þings 1851 var kallaður saman þjóðfundur sem hafði það að meginverkefni að fjalla um stjórnskipun Íslands eftir að konungur afsalaði sér einveldi.

Endurreisn Alþingis var merkur áfangi fyrir Íslendinga. Þingið var mikilvægur vettvangur þjóðmálaumræðu og kom fram ýmsum endurbótum á löggjöf og landsstjórn. Frá upphafi var Jón Sigurðsson, alþingismaður Ísfirðinga, forustumaður þingsins og lengstum forseti þess meðan hans naut við.

Alþingi – löggjafarþing frá 1874

Með stjórnarskránni 1874 hlaut Alþingi löggjafarvald í íslenskum sérmálum ásamt konungi, svo og skattlagningar- og fjárveitingavald. Konungur hafði vald til að stöðva setningu laga og synjaði hann þannig oft, að undirlagi ráðherra sinna, staðfestingar lagafrumvörpum sem samþykkt höfðu verið á Alþingi.

Sú breyting varð á skipun Alþingis að alþingismönnum fjölgaði í 36, 30 þjóðkjörna í átta einmenningskjördæmum og 11 tvímenningskjördæmum en konungkjörnir þingmenn voru áfram sex. Engir varamenn voru kjörnir. Alþingi var nú skipt í tvær deildir, efri deild og neðri deild. Í efri deild sat þriðjungur þingmanna, 12 menn, sex þjóðkjörnir og sex konungkjörnir, svo að þeir síðarnefndu höfðu þar stöðvunarvald ef þeir stóðu allir saman. Í neðri deild sátu eingöngu þjóðkjörnir þingmenn, 24 talsins. Sameiginlegir fundir þingmanna beggja deilda nefndust sameinað Alþingi.

Frá 1874 til 1915 voru ekki kosnar fastar þingnefndir, heldur var venjan að skipa nefnd í hverju máli. Frá 1915 varð sú breyting að kosnar voru sjö fastanefndir í hvorri deild.

Reglulegt þinghald var annað hvert ár. Aukaping var fyrst háð árið 1886. Síðan fór þeim fjölgandi eftir aldamót. Alþingi kom saman í Lærða skólanum 1845–1879 en frá árinu 1881 í Alþingishúsinu við Austurvöll.

Þingsetning var fyrsta virkan dag í júlí og skyldi þingið standa sex vikur en átta vikur frá árinu 1903. Landshöfðingi var æðsti fulltrúi stjórnarinnar hérlendis og bar ábyrgð fyrir Íslandsráðherra í Kaupmannahöfn. Hann setti Alþingi og sat þar án atkvæðisréttar og var að öðru leyti tengiliður milli Alþingis og stjórnarinnar.

Frá þingsetningu 1905. Hannes Hafstein ráðherra og séra Árni Jónsson alþingismaður, sem steig í stólinn við atböfnina, ganga frá Dómkirkju til Alþingishúss. Hannes var forustumaður heimastjórnarmanna og varð fyrsti ráðherra Íslands eftir stjórnarskrárbreytinguna sem staðfest var í október 1903.



Heimastjórn

Með stjórnarskrárbreytingu, sem var staðfest 3. október 1903, fengu Íslendingar heimastjórn og þingræði komst á. Skipaður var íslenskur ráðherra 1. febrúar 1904 með búsetu í Reykjavík sem bar ábyrgð fyrir Alþingi. Hann varð að njóta stuðnings meiri hluta þingmanna og víkja úr embætti ef vantraust var samþykkt.

Samkvæmt breytingunum á stjórnarskrá 1903 var þingmönnum fjölgað um fjóra svo að þeir urðu alls 40. Þá voru og rýmkuð ákvæði um kosningarrétt kaupstaða- og kaupþúnaborgara, þurrabúðarmanna og lausamanna. Alþingiskosningar voru lengi opinberar. Menn lýstu í heyranda hljóði hvern þeir kusu. Stóð svo til ársins 1908 er þær urðu leynilegar og kjörstjórnir létu gera kjörseðla með nöfnum frambjóðenda. Þá varð kjördagur hinn sami um land allt.

Með stjórnarskrárbreytingu árið 1915 var konungkjör þingmanna fellt niður og tekið upp sérstakt landskjör þar sem allt landið var eitt kjördæmi. Voru þannig kosnir sex þingmenn með hlutfallskosningu til 12 ára. Landskjörnir þingmenn sátu í efri deild. Um leið var stigið stórt skref í lýðræðisátt þar sem konur og hjú fengu kosningarrétt það sama ár.



Konur fagna kosningarrétti á Austurvelli, fyrir framan Alþingisbúsið, 19. júní 1915. Ári síðar var kosið til Alþingis en kona náði ekki kjöri til þings fyrr en 1922.

Ísland fullvalda ríki

Með sambandslögunum, sem tóku gildi 1. desember 1918, var Ísland viðurkennt fullvalda ríki í konungssambandi við Danmörku. Alþingi hlaut þá óskorað löggjafarvald í öllum málum landsins, en danska stjórnin fór áfram með utanríkismál Íslendinga og hafði á hendi gæslu landhelginna. Árið 1920 var þingmönnum fjölgað í 42. Með stjórnarskrárbreytingu sama ár var ákveðið að Alþingi kæmi saman árlega og þingsetningardagur ákveðinn 15. febrúar. Frá árinu 1945 hefur Alþingi venjulega komið saman að hausti og er þingsetningardagurinn nú 1. október. Með stjórnarskipunarlögum árið 1934 var þingmönnum fjölgað um sjö, landskjör felld niður en tekin upp 11 þingsæti til jöfnunar milli þingflokka. Urðu þingmenn þá alls 49. Árið 1934 var kosningarrétturinn lækkaður í 21 ár. Með stjórnarskipunarlögum árið 1942 fjölgaði þingmönnum um þrjá og í tvímenningaskjördæmum var komið á hlutfallskosningu. Kjördæmi voru þá orðin 28, þ.e. 21 einmenningaskjördæmi og sex tvímenningaskjördæmi auk Reykjavíkur sem fékk átta þingmenn. Uppbótarþingmenn voru áfram 11 og þingmenn alls 52.

Lýðveldi stofnað

Þegar Danmörk var hernúmin 9. apríl 1940 og sambandið við Ísland rofnaði lýsti Alþingi næsta dag yfir því að það fæli ríkisstjórn Íslands að fara með vald konungs og að Ísland tæki utanríkismál og landhelgismál að öllu leyti í sínar hendur. Alþingi kaus ári síðar, 17. júní 1941, ríkisstjóra sem fór með vald konungs. Stóð sú skipan þar til sambandslögin voru felld úr gildi og lýðveldi stofnað á fundi Alþingis á Þingvöllum 17. júní 1944. Árið 1959 var kjördæmaskipuninni gjörbreytt með stjórnarskrárbreytingu. Ákveðin voru átta kjördæmi með hlutfallskosningu auk 11 uppbotarþingsæta til jöfnunar milli þingflokka sem áður. Þingmenn urðu nú 60. Árið 1968 var kosningarréttur færður niður í 20 ára aldur. Með stjórnarskrárbreytingu 1984 var þingmönnum fjölgað í 63. Kjördæmaskipun var sú sama en þingsæti í kjördæminu að nokkru leyti breyttileg eftir íbúafjölda, þó hvergi færri en fimm í kjördæmi. Kosningaldur var enn fremur lækkaður í 18 ár. Með breytingu á stjórnarskrá í júní 1999, sem kom til framkvæmda í maí 2003, var ákvæðum um kjördæmaskipan breytt. Kjördæmum var fækkað úr átta í sex en mörk kjördæma skal ákveða með lögum. Þingmannatalan er óbreytt, 63.

Meginbreytingar urðu á skipan Alþingis með stjórnarskrárbreytingu í maí 1991. Þingið starfar nú í einni málstofu. Breytingin kallaði á talsverða endurskoðun þingskapa. Þingnefndir eru nú 12 talsins, skipaðar níu mönnum hver nema fjárlaganefnd; í henni eiga 11 þingmenn sæti.



Viðhafnarmestu þjóðarbátidír eru baldnar á Þingvöllum. Þar var minnst 1000 ára Íslandsbyggðar 1874, 11 alda byggðar 1974 og 1000 ára afmælis Alþingis 1930. Lýðveldi var stofnað á Þingvöllum 1944 (mynd að ofan) og var hálfra aldar afmælis þess minnst 1994. Sumarið 2000 var þar minnst kristni-tökunnar á Alþingi árið 1000.

KOSNINGAR TIL ALÞINGIS

Samkvæmt 1. gr. kosningalaga á hver íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram og á lögheimili hér á landi kosningarrétt við kosningar til Alþingis.



Niðurstöður kosninganna ráða úrslitum um hverjum forseti Íslands felur að mynda ríkisstjórn. Í raun eru það stjórnálflokkarnir sem í kosningum leita umboðs þjóðarinnar til að taka ábyrgð bæði á löggjafarvaldi og framkvæmdarvaldi, og það eru stjórnarflokkar á hverjum tíma sem hafa forustu á báðum sviðum, en stjórnarandstaðan á þingi veitir stjórninni aðhald.

Kosningarrétt við alþingiskosningar eiga allir íslenskir ríkisborgarar sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og eiga lögheimili hér á landi. Við alþingiskosningar 2003 voru þeir um 211 þúsund talsins. 87,7% þeirra neyttu kosningarréttar síns. Framboð til Alþingis er háð ýmsum skilyrðum, svo sem að nægilegur fjöldi manna hafi gefið skriflega yfirlýsingu um stuðning við framboðslistann. Fimm stjórnálflokkar eiga fulltrúa á Alþingi: Framsóknarflokkur (12), Frjálslyndi flokkurinn (4), Samfylkingin (20), Sjálfstæðisflokkur (22) og Vinstri hreyfingin – grænt framboð (5).

Við alþingiskosningar í maí 2003 var kosið eftir nýrri kjördæmaskipan í sex kjördæmum. Íslandi var áður skipt í átta kjördæmi og hafði svo verið síðan 1959.



Kjördæmaskipan

Við síðustu alþingiskosningar, 10. maí 2003, var kosið eftir nýrri kjördæmaskipan í sex kjördæmum, Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi, Suðurkjördæmi, Suðvesturkjördæmi, Reykjavíkurborgkjördæmi norður og Reykjavíkurborgkjördæmi suður.

Í hverju kjördæmi eru níu kjördæmissæti sem úthlutað er á grundvelli kosningaúrslita í kjördæminu eftir svokallaðri d'Hondt-reglu. Öðrum þingsætum (jöfnunarsætum) er ráðstafað í kjördæmi og úthlutað til stjórn málasamtaka þannig að hver samtök fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildar atkvæðatölu sína á öllu landinu. Þau stjórn málasamtök koma þó ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hljóta minnst 5% af gildum atkvæðum.

Samkvæmt ákvæðum í stjórnarskrá um kjördæmaskipan, sem sett voru í júní 1999, skulu kjördæmi vera færst sex en flest sjö. Mörk kjördæmanna eru ákveðin í lögum, en þó er heimilt að fela landskjörstjórn að ákveða kjördæmamörk í Reykjavík og nágrenni.

Ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, eru eftir alþingiskosningar helmingi færri í einu kjördæmi en öðru skal landskjörstjórn breyta fjölda þingsæta í kjördæmum í því skyni að draga úr þeim mun. Kjördæmissæti skulu þó vera minnst sex í hverju kjördæmi. Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 atkvæða á Alþingi.

Landinu var áður skipt í átta kjördæmi og hafði sú skipan verið á síðan 1959.

Hvernig getur þú haft áhrif?

Með þátttöku í starfi stjórn málaflokks getur þú haft áhrif á málefni sem þér þykir mikilvæg.

Með þátttöku í starfi stéttarfélags.

Með þátttöku í starfi áhugamannasamtaka sem fást við málaflokka sem eru þér hjartfólgirnir.

Með því að ræða við alþingismenn, sveitarstjórnarmenn og aðra sem gegna ábyrgðarstörfum í þjóðfélaginu.

Með skrifum í fjölmiðla og með því að gefa fréttamönnum ábendingar.



Við alþingiskosningar 10. maí 2003 voru um 211 þúsund kjósendur á kjörskrá og neyttu 87,7% þeirra kosningarréttar síns.

Forsætisráðberru flytur stefnuræðu í uppbæti þings. Eldbúsdagsumræður fara fram áður en þingfundum er frestað að vori og eru þá gerð upp störf Alþingis á liðnum vetri.



HLUTVERK ALÞINGIS



Þegar þing kemur til starfa á hausti hverju draga þingmenn, aðrir en forseti og ráðherrar, um sæti og eru notaðar til þess tölusetta kúlu.

Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið eftir orðum stjórnarskrárinnar, en ráðherrar fara með vald forseta.

Í þingræðinu felst að meiri hluti Alþingis ræður skipun ríkisstjórnarinnar og getur eftir vild áminnt hana eða knúið hana til afsagnar með vantraustsyfirlýsingu. Stjórnin ræður á hinn bóginn mestu um störf þingsins, undirbýr löggjöfina og fær heimild til að útfæra lögina nánar með reglugerðum; hún getur líka brugðist við ágreiningi við þingið með því að rjúfa það og efna til kosninga.

Meginverkefni Alþingis er lagasetning. Í þingsalnum fara einnig fram umræður um mörg önnur þingmál en lagafrumvörp. Alþingi getur með þingsályktun lýst stefnu sinni án þess að setja lög. Á þingi eru bornar fram fyrirspurnir til ráðherra sem þeir svara munnlega eða skriflega.

Ráðherrar gefa þinginu skýrslur um opinber málefni, ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni þingsins. Alláberandi liður í þingstörfunum eru umræður utan dagskrár um mál sem talið er knýjandi að ræða án mikils fyrirvara.

Miklu varðar um stöðu og störf Alþingis að það fer með fjárstjórnina því að ekkert gjald má greiða úr ríkissjóði nema samkvæmt lögum og engan skatt leggja á nema Alþingi hafi samþykkt lög um það.

Þá er jafnan litið svo á að Alþingi eigi að veita framkvæmdarvaldinu aðhald, bæði ríkisstjórninni (t.d. með fyrirspurnum til ráðherra) og allri stjórnsýslunni. Tvær stofnanir á vegum Alþingis gegna mikilvægu hlutverki á þessu sviði, Ríkisendurskoðun og embætti umboðsmanns Alþingis. Enn fremur kýs Alþingi mikilvægar stjórnir og nefndir á vegum ríkisins.

Upplýsingar um þingstörfin

Hægt er að fylgjast með þingfundum af þingpöllum, í sjónvarpi og á vefnum. Alþingi kemur að jafnaði saman til fundar fjóra daga í viku, frá mánudegi til fimmtudags. Á mánudögum hefjast fundir kl. 15.00, á þriðjudögum og miðvikudögum kl. 13.30, en á fimmtudögum hefjast þeir kl. 10.30.

STARFSHÆTTIR ALÞINGIS

Starfshættir Alþingis eru ákvarðaðir í stjórnarskrá og þingsköpum. Þingsköpin mæla fyrir um fjölmarga þætti er tengjast þinghaldinu, svo sem þingsetningu, nefndastörf, meðferð þingmála, fundarsköp þingsins og þingflokka.

Þingsetning og þingfrestun

Alþingi kemur saman til fundar 1. október ár hvert og hefst þá nýtt löggjafarþing. Það stendur til sama tíma að ári liðnu. Vanalega starfar þingið fram í maí á hverju ári en er þá frestað til hausts. Hægt er að kalla þingið saman til starfa ef þurfa þykir meðan á frestuninni stendur og er þá frestin rofin.

Forseti Íslands setur nýtt þing. Frá því að Alþingi var endurreist 1845 hefur sú venja haldist að þingsetning hefjist á því að þingmenn hlýði messu í Dómkirkjunni, en síðan ganga þeir til þinghússins þar sem forseti Íslands (áður umboðsmaður konungs) setur þingið. Aldursforseti, sá sem lengsta þingsetu hefur að baki, stjórnar fundi þar til forseti Alþingis hefur verið kjörinn.

Þingsalurinn

Umræður á Alþingi fara fram í þingsalnum í Alþingishúsinu og þar eru lög samþykkt og mál um ráðið til lykta. Við upphaf hvers þings draga þingmenn um í hvaða sæti þeir sitja á þinginu. Ráðherrar draga ekki um sæti heldur sitja í ráðherrastólum. Varamenn sitja í sætum þingmanna sem þeir gegna störfum fyrir, en varamönnum ráðherra eru ætluð sérstök sæti.

Forseti þingsins, eða einhver af varaforsetunum, stjórnar störfum í þingsalnum. Forseta til aðstoðar eru skrifstofustjóri Alþingis og aðrir starfsmenn skrifstofu Alþingis.

Fundir Alþingis eru haldnir í heyranda hljóði. Öllum er því frjálst að sitja á þingpöllum. Fréttamenn útvarps- og sjónvarpsstöðva og dagblaða hafa aðstöðu í þinghúsinu til að fylgjast með störfum þingsins.



Ábeyrendur geta fylgst með umræðum á Alþingi af þingpöllum, í sjónvarpi og á netinu. Allar umræður eru hljóðritaðar og gefnar út í Alþingistíðindum.



Við þingsetningu og allar meiri háttar umræður, svo og atkvæðagreiðslur, er þingsalurinn þéttsetinn. Séu þingmenn ekki bundnir við umræður geta þeir fylgst með þeim í sjónvarpi frá skrifstofum sínum og víðar.

Réttindi og skyldur alþingismanna

Alþingismönnum eru tryggð mikilvæg réttindi í stjórnarskránni. Þeir eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína en ekki við fyrirmæli frá kjósendum. Alþingismaður verður ekki krafinn reikningskvarpar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema með leyfi þingsins.

Starfi þingmannsins fylgja líka ýmsar skyldur. Þingmönnum er skylt að sækja þingfundi nema nauðsyn banni. Þeir skulu og vera viðstaddir atkvæðagreiðslur og taka þátt í þeim. Enn fremur er þeim skylt að lúta valdi þingforseta á þingfundum. Oftast koma ráðherrar úr röðum þingmanna og hafa sömu réttindi og skyldur og þingmenn. Ráðherra, sem ekki er þingmaður, hefur rétt til að leggja fram mál og hefur málfrelsi á þinginu en ekki atkvæðisrétt.

*Forseti Alþingis stýrir þingfundi.
Forsetinn og varaforsetar eru kosnir
fyrir hvert þing.*



Forseti Alþingis

Meginhlutverk forseta Alþingis er að sjá um að ákvæði stjórnarskrár, er varða Alþingi, og þingsköp Alþingis séu haldin. Forseti Alþingis er einn handhafa forsetavalds ásamt forsætisráðherra og forseta Hæstaréttar í fjarveru og forföllum forseta Íslands.

Fyrsta verk nýs þings er að kjósa sér forseta. Einnig eru kjörnir varaforsetar og hafa þingflokkarnir jafnan komið sér saman um val þeirra fyrir fram. Forseti og varaforsetar skipa forsætisnefnd sem tekur ákvarðanir um margvísleg málefni er varða Alþingi. Enn fremur á forseti samstarf við þingflokksformenn um tilhögun dagskrár þingsins og fyrirkomulag umræðna.

Þingforseti stjórnar fundum Alþingis. Hann hefur rétt til að taka þátt í umræðum líkt og aðrir þingmenn og gegnir þá einhver varaforsetanna fundarstjórninni á meðan. Forseti Alþingis hefur atkvæðisrétt í þingsalnum.

Þingforsetinn stýrir störfum Alþingis. Oft þarf hann að sætta ólík sjónarmið og gæta hagsmuna margra. Þannig getur þingforseti ekki látið sjónarmið eigin flokks ráða gerðum sínum heldur verður hann að gæta þess að tekið sé á erindum allra þingmanna af sanngirni og réttsýni.

Tegundir þingmála

Lagafrumvörp

Frumvörp til laga eru annaðhvort stjórnarfrumvörp, flutt af ríkisstjórninni að forgöngu þess ráðherra sem málið heyrir undir, eða þingmannafrumvörp, flutt af þingmönnum, einum eða fleiri. Fyrir kemur að frumvörp eru flutt af þingnefnd og þá stundum að beiðni ráðherra.

Þingsályktunartillögur

Alþingi getur lýst stefnu sinni eða ákvörðunum án þess að setja lög. Er það gert með þingsályktun sem oft felur í sér áskorun á ríkisstjórnina um að sjá um framkvæmd verkefnis, undirbúa löggjöf eða rannsaka tiltekið mál.

Fyrirspurnir

Þingmaður getur lagt fram skriflega fyrirspurn til ráðherra um opinbert málefni og er henni annaðhvort svarað munnlega á fyrirspurnafundi eða ráðherra veitir skriflegt svar við henni. Forseti getur einnig heimilað þingmönnum á ákveðnum fundum að bera fram munnlegar fyrirspurnir til ráðherra án nokkurs fyrirvara.

Skýrslur

Á hverju þingi eru lagðar fram nokkrar skýrslur. Ráðherrar geta lagt fram skýrslur ótilkvaddir, en eins geta þingmenn farið fram á að ráðherra gefi þinginu skýrslu um opinber málefni. Loks er þingnefndum heimilt að leggja fram skýrslu um störf sín eða athugun á einhverju máli.

Forseti Alþingis kemur víða fram fyrir hönd Alþingis og tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi forseta þjóðþinga.

Pingfundir

Forsetisnefnd gerir, í samráði við ríkisstjórn og þingflokka, starfsáætlun í upphafi þings. Áætlanir um verkefni þingfunda hvernar viku eru gerðar á fundum forsetisnefndar en þingforseti ákveður endanlega dagskrá þingfunda. Starfsmenn skrifstofu Alþingis annast ýmislegan undirbúning þingfunda.

Umræður

Um umræður á Alþingi gilda reglur þingskapa, hversu oft þingmaður má taka til máls og hversu lengi hann má tala við hverja umræðu. Við 1. umræðu um lagafrumvörp á að fara fram almenn umræða og að henni lokinni er málinu að jafnaði vísað til nefndar. Þegar nefndin hefur lokið umfjöllun sinni og skilað nefndarálit fer fram 2. umræða og á þá að ræða einstakar greinar frumvarpsins. Við 3. umræðu á að ræða um frumvarpið í heild sinni. Umræður utan dagskrár eru háðar samþykki forseta og eru leyfðar ef mál er mikilvægt og aðkallandi að ræða það. Með þeim hætti geta þingmenn fengið mál rædd með mjög skömmum fyrirvara. Heimild er til að koma með stutt andsvör við ræðum, í allt að tvær mínútur, strax og þær hafa verið fluttar.

Í þingsalnum mæla þingmenn úr ræðustól, beina ræðu sinni til forseta þingsins og ávarpa hann t.d. „frú forseti“, „herra forseti“ eða „hæstvirtur forseti“. Í ræðu skal ekki ávarpa einstaka þingmenn eða beina máli til þeirra beint, heldur alls þingheims. Kenna skal þingmenn við kjördæmi eða ávarpa þá fullu nafni og notað er ávarpið „háttvirtur“. Ráðherrar eru ávarpaðir sem hæstvirtir ráðherrar, t.d. „hæstvirtur forsetisráðherra“.

Allar umræður í þingsalnum eru teknar upp stafrænt, slegnar inn í tölvu og gefnar út í Alþingistíðindum.

Oft heyrast athugasemdir um að þunnskipað sé á bekkjum Alþingis við umræður. Ástæðurnar eru ýmsar. Þingmenn hvers flokks skipta nokkuð með sér verkum og sérhæfa sig í vissum málaflokkum. Oft hafa þingflokkar þegar komist að niðurstöðu og samkomulagi um úrslit máls og örlög þess eru ráðin áður en umræður í þingsal fara fram. Sjónvarpskerfi í húsum þingsins gerir mönnum kleift að fylgjast með umræðum annars staðar en í þingsal. Starf þingmanns krefst þess einnig að hann verði við beiðnum um að koma til viðræðna við þá sem þess óska og á það jafnt við um einkasamtöl sem opinbera fundi. Talsverður tími þingmanna fer líka í að undirbúa mál og skrifa greinargerðir og nefndarálit.

Upplýsingar um þingstörfin

Alþingistíðindi skiptast í tvo hluta, A-hluta, sem hefur að geyma þingskjöl, og B-hluta, en í honum eru birtar allar ræður sem haldnar eru í þingsalnum.

Tímamörk umræðna

Lagafrumvörp

Frumvörp eru rædd við þrjár umræður. Við 1. umræðu er ræðutíminn takmarkaður en við 2. og 3. umræðu gilda engin mörk um lengd ræðutíma. Hver ræðumaður má tala tvisvar, framsögumaður nefndar þrisvar og ráðherrar eins oft og þeir vilja.

Þingsályktunartillögur

Þingsályktunartillögur eru ræddar við tvær umræður og vísað til nefndar milli umræðna. Ræðutími er takmarkaður við fyrri umræðu en ótakmarkaður við þá síðari.

Umræður utan dagskrár

Umræður utan dagskrár eru tvenns konar, „hinar lengri“ og „hinar skemmri“. Styttri gerð utan-dagskrárumræðna stendur í hálf klukkustund. Um þær lengri gildir sú regla að málshefjandi og ráðherra mega ekki tala lengur en 30 mínútur, aðrir þingmenn ekki lengur en 15 mínútur, en allir mega tala tvisvar.



Þingmenn greiða atkvæði með því að ýta á einn af þremur hnöppum sem eru í borðum þeirra. Niðurstöðurnar, og hvernig hver og einn greiðir atkvæði, birtast á ljósatöflum í þingsalnum.

Atkvæðagreiðslur

Á Alþingi eru atkvæði jafnan greidd með rafeindabúnaði. Þegar atkvæðagreiðsla fer fram setur þingforseti í gang hljóðmerki sem heyrir um allt þinghúsið og kallar þingmenn þannig til þingsalarins.

Ekki má þingið samþykkja neina ályktun nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslunni. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef mjótt er á munum við atkvæðagreiðslu og ljóst að einhverjir þingmenn geta af óviðráðanlegum ástæðum ekki verið við atkvæðagreiðsluna grípa þingflokksformenn stundum til þess ráðs að biðja þingmann úr flokki andstæðinga að víkja af fundi á meðan á atkvæðagreiðslu stendur. Þetta er gert svo að eðlilegar fjarvistir einstakra þingmanna hafi ekki áhrif á niðurstöður atkvæðagreiðslna um einstök mál. Gott samstarf er milli þingflokksformanna um þetta atriði sem á sér hliðstæður í þingum flestra nágrannaríkja Íslands.

Þingmenn greiða atkvæði með því að ýta á einn af þremur hnöppum sem eru í borðum þeirra. Með hnöppunum segja þingmenn til um hvort þeir eru með eða á móti eða greiða ekki atkvæði („sitja hjá“).

Atkvæðagreiðsla getur einnig farið fram með því að þingmenn rétti upp hönd og sýni þannig afstöðu sína. Einnig geta þingmenn farið fram á það við forseta að hann láti fara fram nafnakall og spyr þá forseti hvern þingmann með nafni hvort hann sé með eða á móti máli. Við atkvæðagreiðslu með rafbúnaði og við nafnakall geta þingmenn komið í ræðustól og gert stuttlega grein fyrir afstöðu sinni við atkvæðagreiðsluna.

Ef forseti þingsins telur líklegt að allir séu á einu máli getur hann lýst yfir að gert sé út um atriði án atkvæðagreiðslu ef enginn þingmaður mótmælir því. Tíðkast það aðallega um formsatriði en síður um efnisleg ákvæði. Niðurstöður eru skráðar og birtar í Alþingistíðindum.

Upplýsingar um þingstörfin

Á vef Alþingis er að finna fróðleik um Alþingi, öll þingskjöl og ræður. Slóðin er: www.althingi.is. Ýmsar leiðir eru til að kynna sér störf Alþingis. Öll þingskjöl eru fánleg í skjalaafgreiðslu Alþingis eftir að þeim hefur verið útbýtt í þingsalnum. Þar eru Alþingistíðindi einnig afgreidd.

Þingflokkar

Þingmenn skipa sér í þingflokka og velja sér formann sem kemur fram fyrir þeirra hönd gagnvart forseta þingsins, öðrum þingflokkum og þingmönnum. Tvo þingmenn þarf hið minnsta til að mynda þingflokk og enginn þingmaður má vera í fleiri en einum þingflokki. Að öðru leyti segir ekki fyrir um störf þingflokka í þingsköpum. Í þingflokkunum ráða pólitískir samherjar ráðum sínum. Þingflokkanir velja menn til trúnaðarstarfa á vegum Alþingis og þá sem gegna ráðherraembættum. Störf þingflokka er nokkuð breytilegt eftir því hvort flokkurinn á aðild að ríkisstjórn eða er í stjórnarandstöðu.

Í þingflokkunum ákveða þingmenn hvernig þeir skipa sér til setu í þingnefndum og skipta með sér málefnaflokkum. Á þingflokksfundum er fjallað um ný þingmál sem þingmenn og ráðherrar hyggjast leggja fram og stöðu mála í þingnefndum og afstaða er tekin til einstakra mála og breytingartillagna við þau. Þannig geta þingmenn fylgst með umræðunni á öðrum málefna sviðum en sínum eigin á þingflokksfundum.

Þingflokkar koma vanalega saman til fundar tvisvar í viku á þingtímanum. Staða þingflokka er sterk innan stjórnarmálaflokkanna og þeir hafa mikil áhrif á pólitíska stefnumótun.

Hvernig getur þú haft áhrif?

Þú getur skrifað þingmönnum um mikilvæg málefni. Netföng eru á www.althingi.is. Heimilisfang: Alþingi, 150 Reykjavík. Þú getur hringt í þingmenn og komið sjónarmiðum þínum á framfæri. Sími: 563 0500.

Undirbúningur >	lagt fram >	1. umræða >	í nefnd >	2. umræða >	(í nefnd) >	3. umræða >	samþykkt/fellt	
Ráðherrar, þingmenn, félagasamtök, fjölmiðlar eða almennir borgarar verða varir við annmarka á gildandi lögum eða telja þörf á nýrri laga-setningu. Pólitísk umræða hefst um málið.	Ríkisstjórnin skipar nefnd til að rannsaka nauðsyn þess að setja ný lög eða breyta eldri lögum. Einn eða fleiri alþingismenn leggja fram frumvarp til laga.	Ríkisstjórnin leggur fram frumvarp til laga.	Við 1. umræðu mælir flutningsmaður fyrir málinu og fram fer almenn umræða um það.	Eftir 1. umræðu er frumvarpinu vísað til einnar af nefndum þingsins eftir efni þess. Eftir umfjöllun sína skilar nefndin nefndaráliti og breytingartillögum.	Við 2. umræðu eru ræddar einstakar greinar frumvarpsins og að lokum greidd atkvæði um þær. Einnig eru greidd atkvæði um breytingartillögur ef einhverjar eru.	Heimilt er að vísa frumvarpinu aftur til nefndar milli 2. og 3. umræðu. Nefndin skilar framhaldsnefndaráliti. Algengast er að frumvörpum sé vísað beint til 3. umræðu.	Lokaafgreiðsla lagafrumvarps fer fram við 3. umræðu. Þá er á ný rætt um frumvarpið í heild. Að því loknu eru greidd atkvæði um breytingartillögur ef einhverjar eru og um frumvarpið í heild.	Lagafrumvarp fellt. Frumvarp samþykkt og sent ríkisstjórn sem lög frá Alþingi. Lög taka ekki gildi fyrir en þau hafa verið undirrituð af forseta Íslands og ráðherra og birt í Stjórnartíðindum.

Ferill lagafrumvarps

Þegar vandi stöðjar að í íslensku þjóðfélagi er oft sagt að nú verði Alþingi að grípa í taumana. Þetta sést í lesendabréfum og greinum dagblaðanna, heyrast í útvarps- og sjónvarpsviðtölum og yfir kaffibolla heima í eldhúskrök. Þegar til kastanna kemur eru það stjórnámálameðmenn sem ákveða hvort rétt sé að taka á viðfangsefninu með lagasetningu. Hugmyndir um lagasetningu geta komið víða að. Hagsmunaaðilar reyna að hafa áhrif á undirbúning lagasetningar, oft í gegnum fjölmiðla, og gefa oft vísbendingu um hver áhrif lagasetningarinnar gætu orðið. Einstaklingar geta einnig látið skoðun sína í ljós, t.d. með greinaskrifum og með því að hafa samband við stjórnámálameðmenn. Þingmenn hafa allir rétt til að leggja fram lagafrumvörp en stjórnarfrumvörp eru að jafnaði talsvert fleiri en þingmannafrumvörp á hverju þingi.

Stjórnarfrumvörpin eru unnin af nefndum á vegum ráðherra eða af starfsmönnum ráðuneytis. Með því að skipa nefnd til að annast frumvarpsmíð tryggir ráðherra að hagsmunaaðilar og sérfræðingar nái að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Í stjórnarskránni segir að ekkert lagafrumvarp megi samþykkja fyrir en það hafi verið rætt við þrjár umræður á Alþingi. Þingsköp Alþingis áskilja þingmönnum tíma til að kynna sér frumvarp eftir að það hefur verið lagt fram og því er langoftast vísað til nefndar milli 1. og 2. umræðu. Með þessu fyrirkomulagi má koma í veg fyrir að hægt sé að bera frumvörp fyrirvalítíð undir atkvæði.

Frumvörp skulu lögð fram innan sex mánaða frá þingsetningu, þ.e. fyrir 1. apríl, en meiri hluti þings getur samþykkt að mál, sem er of seint fram komið, verði tekið til umræðu og afgreiðslu.

Á skýringarteikningunni hér að ofan getur að líta feril lagafrumvarps. Eftir því sem á meðferð málsins líður verður athugun þess æ gaumgæfilegri. Við 1. umræðu á að ræða frumvarpið í stórum dráttum. Að henni lokinni er málinu vísað til nefndar sem fer yfir málið í smáatriðum og kallar á fund sinn sérfræðinga og hagsmunaaðila. Þegar nefndin hefur skilað nefndaráliti fer fram 2. umræða og á þá að ræða einstakar greinar frumvarpsins og breytingartillögur við þær og loks eru greidd atkvæði um þær. Við 3. umræðu er rætt um frumvarpið í heild sinni og við lok hennar ræðst í atkvæðagreiðslu hvort frumvarpið verður að lögum. Því sem næst helmingur frumvarpa, sem lögð eru fyrir Alþingi, hlýtur að jafnaði samþykki þingsins.



Frá fundi í fjárlaganefnd. Lagafrumvörpum og þingsályktunartillögum er vísað til nefndar eftir 1. umræðu.

Fjárlaganefnd að störfum. Fjárlög eru afgreidd fyrir jólablé Alþingis og miklar annir eru hjá nefndinni á haustþingi.



Fastanefndir Alþingis



Frá fundi í iðnaðarnefnd.

Fastanefndir þingsins eru tólf: allsherjarnefnd, efnahags- og viðskiptanefnd, félagsmálanefnd, fjárlaganefnd, heilbrigðis- og trygginganefnd, iðnaðarnefnd, landbúnaðarnefnd, menntamálanefnd, samgöngunefnd, sjávarútvegsnefnd, umhverfisnefnd og utanríkismálanefnd, auk kjörbréfanefndar sem hefur einkum það verkefni að rannsaka kjörbréf nýrra þingmanna og varaþingmanna.

Í fjárlaganefnd sitja ellefu þingmenn en níu í öðrum nefndum. Til utanríkismálanefndar eru að auki kosnir níu varamenn.

Málefnskipping nefndanna er í stórum dráttum sú sama og er í Stjórnarráðinu. Af nafni nefndar má jafnan ráða hvaða málefni heyra undir hana; þannig er t.d. fjallað um umhverfismál í umhverfisnefnd og sjávarútvegsfélagsmál í sjávarútvegsnefnd. Í iðnaðarnefnd er fjallað um mál tengd iðnaði auk byggðamála (sem heyra nú undir iðnaðarráðuneytið) og í allsherjarnefnd er fjallað um mál er heyra undir dómismálaráðuneytið og forsætisráðuneytið auk annarra mála sem ekki heyra undir neina af hinum nefndunum.

Bæði stjórnarfrumvörpum og þingmannafrumvörpum er vísað til nefndar eftir 1. umræðu. Máli má þó vísa til nefndar á hverju stigi þess. Þingsályktunartillögum er einnig vísað til nefndar eftir fyrri umræðu.

Fundur í landbúnaðarnefnd. Þegar nefnd hefur lokið atbugun máls skilar hún skriflegu álitni um hvernig hún telur að þingið eigi að afgreiða málið. Álitin verða fleiri en eitt ef nefndarmenn eru ekki einbuga.



Starfshættir nefnda

Starf nefndanna fer fram fyrir luktum dyrum. Þær kalla eftir álitum hagsmunaaðila og sérfræðinga á þingmálum, annaðhvort skriflega eða þær fá gesti á fundi sína. Þegar nefnd hefur lokið athugun máls skilar hún skriflegu álitu um hvernig hún telur að þingið skuli afgreiða málið og fleiri en einu álitu ef nefndarmenn eru ekki einhuga. Auk viðhorfa nefndarmanna kemur fram í nefndarálitu lýsing á vinnu nefndarinnar að málinu. Einnig getur nefndin birt með álitinu ýmis fylgiskjöl, svo sem bréf frá hagsmunaaðilum eða ráðuneytum.

Breytingartillögur, ef einhverjar eru, eru einnig lagðar fram skriflega. Taki nefnd frumvarp aftur til meðferðar eftir 2. umræðu getur hún skilað framhaldsnefndarálitu. Nefndarmenn geta sameinast um að leggja fram frumvarp í nafni nefndarinnar um málefni sem eru á verksviði hennar. Þingnefndir geta enn fremur að eigin frumkvæði tekið til umfjöllunar önnur mál en þau sem þingið vísar til þeirra og gefið þinginu skýrslu um þau.

Kosning í nefndir

Kosið er í fastanefndir í upphafi hvers þings og er skipan þeirra í stórum dráttum samkvæmt þingstyrk stjórnmálaflokkanna. Þingflokkarnir koma sér saman um hverjir skuli kosnir í nefndir þingsins og vanalega eru lagðir fyrir þingfund tveir listar, annar frá stjórnarflokkum en hinn frá stjórnarandstöðu, alls með jafnmörgum nöfnum og kjósa skal í nefndirnar. Fáí þingflokkur ekki kjörinn fulltrúa í þingnefnd getur nefndin ákveðið að leyfa áheyrnarfulltrúa frá honum að sitja fundi nefndarinnar.

Þingnefndirnar kjósa sér formann og varaformann. Þeir geta hvort heldur er verið úr röðum stjórnarliða eða stjórnarandstæðinga. Nefndirnar eiga fasta fundartíma á morgnana fjóra daga vikunnar á þingtímanum. Utanríkismálanefnd hefur nokkra sérstöðu þar eð hún er ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál. Skal og bera undir nefndina slík mál, jafnt á þingtíma sem í þinghléum. Hver fastanefnd hefur starfsmann, nefndarritara, sem undirbýr fundi, ritar fundargerðir, aðstoðar við gerð nefndarálita og breytingartillagna og aflar upplýsinga og vinnur úr þeim.



Í fjárlaganefnd sitja ellefu þingmenn en níu í öðrum fastanefndum.

Hvernig getur þú haft áhrif?

Þú getur skrifað þingnefndum sem hafa til meðferðar þingmál er varða starfssvið þitt eða áhugamál. Netföng eru á www.althingi.is. Heimilisfang: Alþingi, 150 Reykjavík.

Þú getur farið fram á að fá að koma til fundar við þingnefnd og ræða mál sem nefndin hefur til meðferðar. Sími: 563 0500.



Frá fundi í heilbrigðis- og trygginganefnd. Nefndirnar eiga fasta fundartíma á morgnana fjóra daga vikunnar á þingtímanum.

Forseti Alþingis og starfsmenn skrifstofunnar taka á móti sendinefnd frá fylkisþingi Kaliforníu í fundarberbergi forsætisnefndar í Alþingishúsinu baustið 2003.



Alþjóðastarf Alþingis

Alþingi tekur þátt í margs konar alþjóðlegu samstarfi. Umfangsmest er þátttaka alþjóðanefnda Alþingis í starfi fjölþjóðlegra þingmannasamtaka sem Alþingi á aðild að. Eru alþjóðanefndirnar kallaðar Íslandsdeildir þessara samtaka. Þær eru níu talsins:

- Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins (Inter-Parliamentary Union).
- Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA (EFTA = Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA Parliamentary Committee).
- Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins (Council of Europe Parliamentary Assembly).
- Íslandsdeild NATO-þingsins (NATO Parliamentary Assembly).
- Íslandsdeild Norðurlandaráðs (Nordisk ráð).
- Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins (Vestnordisk ráð).
- Íslandsdeild VES-þingsins (VES = Vestur-Evrópusambandið, WEU Parliamentary Assembly).
- Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál (Conference of Parliamentarians of the Arctic Region).
- Íslandsdeild ÖSE-þingsins (ÖSE = Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, OSCE Parliamentary Assembly).

Kosið er til alþjóðanefnda á fyrsta fundi hvers þings. Kosnir eru þrír til sjö þingmenn og jafnmargir til vara.

Þingmannasamtökin eru flest ráðherraráði samtakanna til ráðuneytis. Þau vinna skýrslur um ýmis mál, samþykkja ályktanir, vinna að tillögum og eru vettvangur þingmanna til að skiptast á skoðunum og upplýsingum. Alþingismenn nýta þau tækifæri oft til að koma íslenskum sjónarmiðum á framfæri þegar við á, en annars vinna þeir ýmist að málum sem heild (Íslandsdeildirnar), á vegum flokkahópa eða sem þingmenn. Alþjóðanefndir og þingmenn gera grein fyrir ferðum sínum og fundum með stuttri greinargerð og hver alþjóðanefnd leggur árlega fram á Alþingi skýrslu um störf sín þar sem gefið er yfirlit yfir starfsemi nefndarinnar á liðnu ári.

Auk alþjóðanefndanna tekur Alþingi þátt í ýmsu öðru alþjóðlegu samstarfi. Sumt er reglubundið, t.d. í sendinefnd Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna á hverju hausti.


Forsætisnefnd hefur umsjón með öllu alþjóðastarfi Alþingis og sumt alþjóðastarf fellur beint undir hana, svo sem heimsóknir til annarra þjóðþinga eða móttaka erlendra gesta.

Fastanefndir þingsins taka enn fremur þátt í alþjóðastarfi. T.d. hefur utanríkismálanefnd regluleg samskipti við Evrópuþingið og fulltrúar umhverfisnefndar hafa tekið þátt í starfi þingmannasamtaka um umhverfismál, Globe, og einnig í samstarfi umhverfisnefnda þjóðþinga EES-ríkjanna.

SKRIFSTOFA ALÞINGIS

Skrifstofa Alþingis annast margvíslega þjónustu við þingmenn og þá sem leita þurfa upplýsinga eða með erindi sín til þingsins. Skrifstofustjóri Alþingis er yfirmaður skrifstofunnar og sér um að framfylgja ákvörðunum forseta og forsætisnefndar. Næstir honum ganga aðstoðarskrifstofustjóri sem hefur umsjón með þeirri starfsemi skrifstofunnar sem nánust er hinu eiginlega þingstarfi og rekstrar- og fjármálastjóri sem hefur umsjón með starfsemi sem varðar daglegan rekstur þingsins og tengist ekki þingstörfum.

Skrifstofan skiptist í sex starfssvið auk þess sem sérstök rekstrarskrifstofa heyrir beint undir rekstrar- og fjármálastjóra. Rekstrarskrifstofa annast gerð rekstrar- og framkvæmdaáætlana og hefur umsjón með bókhaldi og fjárreiðum. Hún annast einnig starfsmannahald, launamál, rekstur og viðhald fasteigna og húsbúnaðar og allar greiðslur til þingmanna.



Almenn skrifstofa er forseta Alþingis, forsætisnefnd og skrifstofustjóra til aðstoðar í störfum þeirra.

Þingfundasvið hefur á hendi ýmis verkefni er varða störf þingfunda. Í því felst einkum undirbúningur þingfunda, skráning þingskjala, upptaka og útsending þingfunda, vinnsla umræðna á þingfundum og almenn upplýsingaþjónusta við þingmenn á þingfundi.

Nefndasvið aðstoðar fastanefndir Alþingis, en í því felst einkum allur undirbúningur að starfi nefnda, fagleg aðstoð við yfirferð mála og gerð nefndarálita og breytingartillagna. Þá aðstoðar nefndasvið þingmenn við þingmálagerð, veitir lögfræðilega ráðgjöf og annast útgáfu lausaskjala og skjalaparts Alþingistíðinda, svo og uppfærslu lagasafns. Jafnframt veitir nefndasviðið almennar upplýsingar um nefndastarf þingsins.

Upplýsinga- og tæknisviðið hefur umsjón með tölvukerfi Alþingis og kerfisgerð, annast notendabjónustu á sviði tölvumála, hefur umsjón með tæknilegum þætti upplýsingamiðlunar, m.a. á vef þingsins, og annast almenna bókasafns- og upplýsingaþjónustu fyrir þingmenn og starfsmenn skrifstofu Alþingis auk skjalaafgreiðslu fyrir almenning. Þá hefur sviðið umsjón með almannatengslum þingsins og sinnir vefritstjórn og móttöku gesta.

Alþjóðasvið sinnir þjónustu við alþjóðanefndir þingsins, veitir þingforseta og forsætisnefnd aðstoð við þátttöku í erlendum samskiptum, aðstoðar við móttöku erlendra sendinefnda og annast þátttöku Alþingis í öðru alþjóðlegu samstarfi.

Þjónustusvið annast störf fyrir þingmenn á flestum sviðum almennrar skrifstofuþjónustu, svo sem ritaraþjónustu, ljósritun, pósthjónustu og ræstingar. Starfsfólk þjónustusviðs annast einnig öryggismál í húsum Alþingis.

Upplýsingar um þingstörfin

Skrifstofa Alþingis veitir upplýsingar um dagskrá þingfunda og stöðu þingmála.

Eftir hverjar alþingiskosningar er gefin út Handbók Alþingis með upplýsingum um þingmenn og ýmsum tölulegum upplýsingum um störf Alþingis. Skýrsla um störf og rekstur þingsins er gefin út árlega.

Við hönnun Skálans var leitað
samsvörunar við virðuleika
Alþingishússins og gamalt og nýtt
tengt saman með efnisvali.



Steinninn í veggjum Skálans er úr
Geldinganesi en birkið, sem víða
þrýðir bygginguna, frá Síberíu.

ALÞINGISHÚSIÐ

Á Alþingi 1867 var samþykkt ályktun um að minnast þúsund ára Íslandsbyggðar með þjóðhátíð árið 1874 og með því að reisa í Reykjavík Alþingishús úr íslenskum steini. Talsverðar deilur urðu um hvar húsið skyldi rísa og komu bæði Arnarhólstún og Bakarabrekkan (milli lóðanna sem nú heita Bankastræti 7 og Laugavegur 1) til álita sem byggingarstaðir áður en af-ráðið var að reisa húsið við Austurvöll.

Danski arkitektinn Ferdinand Meldahl (1827–1908), forstöðumaður Fagurlistaskólans í Kaupmannahöfn, var fenginn til að teikna þinghús Íslendinga og var Alþingishúsið reist á árunum 1880–1881 úr höggnu grágrýti sem tekið var í Skólavörðuholti. Að utan hafa veggirnir verið látnir halda höggnu áferðinni en að innan eru þeir múrhúðaðir.

Framhlið Alþingishússins, þ.e. norðurhliðin, er nokkuð skreytt. Hæst ber kórónu og merki Kristjáns IX. á burst á þakinu. Undir ufsinni er ártalið 1881, málmstafir með stjörnum á milli.

Yfir fjórum gluggum á annarri hæð eru landvættir Íslands í lágskurði, bergrisi, gammur, griðungur og dreki.

Vígsla hússins

Fyrir þingsetningu 1. júlí 1881 söfnuðust alþingismenn saman í þinghúsinu en gengu síðan til Dómkirkju og hlýddu messu. Að henni lokinni gengu þingmenn til þingsalarins þar sem Hilmar Finsen landshöfðingi (1824–1886) flutti vígsluræðu. Rakti hann byggingarsöguna og ýmis vandamál sem upp komu í undirbúningi og mælti síðan: „... er samt sem áður húsið nú fullgjört til hins ákveðna tíma, og stendur það nú sem hið skrautlegasta og öruggasta hús, er nokkurn tíma hafi verið reist á Íslandi, landi og lýð til sóma, og niðjum vorum til minnis um það, að á fyrsta kosningartíma stjórnarfrælsisins hafi alþingi Íslendinga í samverknaði við stjórnina haft vilja og dug til að framkvæma eins fagurt og stórkostlegt verk“.

Frá 1881 hefur Alþingi haldið alla fundi sína í Alþingishúsinu ef frá eru taldir hátíðarfundirnir á Þingvöllum árin 1930, 1944, 1974, 1994 og 2000.

Húsaskipan

Alþingishúsið hósti í fyrstu ekki einungis starfsemi þingsins heldur einnig þrjú söfn landsins, Landsbókasafnið, Forngripasafnið og Listasafn Íslands.

Viðbyggingin Kringlan var reist 1908. Hún var upphaflega risnuherbergi, síðar kaffistofa, en þar er nú setustofa.

Þegar Háskóli Íslands tók til starfa haustið 1911 fékk hann húsnæði á fyrstu hæð Alþingishússins, en tvö safnanna höfðu þá verið flutt úr húsinu. Háskólinn fluttist síðan í eigið húsnæði 1940. Skrifstofur ríkisstjóra og síðar forseta Íslands voru í húsinu 1941–1973. Alþingishúsið er fyrir löngu hætt að rúma alla starfsemi þingsins. Það á nú eða leigir nokkur hús í næsta nágrenni þinghússins.

Á neðstu hæð þinghússins er skrifstofa forseta Alþingis, flokksherbergi stjórnmalaflokka og fundarherbergi. Á annarri hæð er þingsalurinn, setustofa þingmanna, skrifstofa skrifstofustjóra Alþingis, skjalavarsla og símavarsla. Á þriðju hæð eru þingpallar og eitt þingflokksherbergi. Enn fremur eru á þriðju og fjórðu hæð vinnuherbergi blaðamanna og ýmis starfsemi skrifstofu Alþingis.

Skálinn, þjónustuviðbygging við Alþingishúsið, var tekinn í notkun haustið 2002. Í Skálanum er aðalinnangangur í Alþingishúsið og ýmis þjónusta fyrir þingmenn, starfsmenn og gesti, m.a. fundarherbergi, matsalur og eldhús. Skálinn var teiknaður á arkítektastofunni Batteríinu.

Alþingisgarðurinn

Alþingisgarðurinn mun vera fyrsti opinberi skruðgarðurinn á Íslandi. Tryggva Gunnarssyni (1835–1917), alþingismaður og bankastjóri, var falið að sjá um framkvæmdir í garðinum. Garðurinn er nánast óbreyttur frá upphaflegu skipulagi.

Hafist var handa um framkvæmdir við garðinn árið 1893. Tryggvi lét skipta um jarðveg í garðstæðinu og fékk plöntur víða af landinu en flutti einnig til landsins m.a. víðitegund sem dregur íslenskt nafn sitt af garðinum og er kölluð þingvíðir.

Tryggvi lagði mikla alúð við ræktun garðsins og að eigin ósk hvílir hann þar og er yfir gröf-inni brjóstmynd af honum eftir Ríkarð Jónsson (1888–1977).



Kringlan var byggð við Alþingishúsið 1908. Hún var teiknuð af Frederik Kjørboe, dönskum arkitekt.



Með endurbótum í forsal á 1. hæð Alþingishússins sumarið 2003 var leitast við að hæðin yrði sem líkust því sem gert var ráð fyrir í teikningum af húsinu.



Skálinn, þjónustuviðbygging við Alþingishúsið, var tekinn í notkun haustið 2002.

Upplýsingar um þingstörfin

Upplýsingafulltrúar skrifstofunnar annast heimsóknir skólabarna og annarra hópa sem vilja kynna starfsemi Alþingis og skoða Alþingishúsið.

STOFNANIR ALÞINGIS

Ríkisendurskoðun

Aðalhlutverk Ríkisendurskoðunar er að annast endurskoðun ríkisreiknings og reikninga stofnana og sjóða og annarra aðila þar sem kostnaður eða reikningslegt tap er greitt af ríkissjóði samkvæmt fjárlögum eða af öðrum tekjum samkvæmt sérstökum lögum. Enn fremur skal Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga fyrirtækja og stofnana sem rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira, þar með talin hlutafélög. Hún hefur eftirlit með framkvæmd fjárlaga og er þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins.

Forsætisnefnd Alþingis ræður ríkisendurskoðanda til sex ára í senn. Hann nýtur sjálfstæðis í starfi sínu og er ekki bundinn af fyrirmælum um einstaka þætti þess. Alþingi getur þó krafist hann skýrslna um einstök mál.

Umboðsmaður Alþingis

Hlutverk umboðsmanns Alþingis er að hafa eftirlit með stjórnslu ríkis og sveitarfélaga og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar eftir umkvörtun eða að eigin frumkvæði.

Umboðsmaður Alþingis er kjörinn óbundinni kosningu á þingfundi til fjögurra ára í senn.



Umboðsmaður Alþingis hefur eftirlit með stjórnslu ríkis og sveitarfélaga og tryggir þannig rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Ríkisendurskoðun fylgist með því á vegum Alþingis og í umboði þess að opinberu fé sé ráðstafað eins og þingið hefur ákveðið og lög mæla fyrir um.

©Skrifstofa Alþingis, 2004

ISBN 9979-888-22-9

Tekið saman af skrifstofu Alþingis

Umsjón: Hildur Gróa Gunnarsdóttir

Ljósmyndir:

Bragi Þ. Jósefsson (bls. 4, 5, 10, 11, 12, 13, 14, 16, 17, 18, 19, 20, 22, 23, 24)

The British Museum (bls. 6)

Jóhannes Long (bls. 7)

Magnús Gíslason, Þjms. (bls. 8)

Magnús Ólafsson, Þjms. (bls. 9)

Páll Stefánsson (bls. 22)

Sigurður Tómasson, Þjms. (bls. 9)

Sigurgeir Sigurjónsson (bls. 4)

Kort af kjördæmaskipan: Landmælingar Íslands (bls. 10)

Forsíðumyndir: Bragi Þ. Jósefsson og Páll Stefánsson

Merki Alþingis á baksíðu: Þröstur Magnússon

Hönnun: Stefán Einarsson

Prentun: Oddi hf.

